**Lögmannafélag Íslands**
**Álftamýri 9**
**108 Reykjavík**

Sími: 568-5620
Bréfsími: 568-7057
Netfang (E-mail): lmfi@tv.is

---

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1837
komudagur 8/4 1997

**SÍMBRÉF:**
**(TELEFAX)**

Dagsetning: 7. apríl 1997

Fjöldi blaðsíðna: 1+4

Móttakandi: **Nefndadeild Alþingis**
**b.t. Þórðar Bogasonar, deildarstjóra.**

**Efni: Umsagnir um lagafrumvörp.**

Með símbréfi þessu sendi ég umsagnir laganefndar Lögmannafélags Íslands um eftirfarandi:

X 1. Frv. til laga um samningsveð (234. mál).
2. Frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
3. Þingsályktunartillögu um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni (162. mál).
4. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (44. mál).

Tekið skal fram að stjórn félagsins hefur ekki fjallað efnislega um frumvörpin eða umsagnir laganefndar.

Virðingarfyllst

Marteinn Másson, framkv.stj.

***Laganefnd L.M.F.Í.***

***Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð (234. mál).***

Reykjavík, 7. apríl 1997

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um frumvarp þetta.

Frumvarpið er nú lagt fram eftir nokkrar breytingar, sem varða 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Að mati laganefndar felur ákvæðið í sér lögfestingu á reglum, sem íslenskir dómstólar virðast hafa mótað. Verður lögfesting slíkra reglna að teljast jákvæð, ef hún verður til þess að skýra réttarstöðu veðhafa og eigenda veðsettra verðmæta. Að öðru leyti vísar laganefnd í fyrri umsögn sína um frumvarp þetta.

F.h. laganefndar L.M.F.Í.

Andri Árnason, hrl., formaður